

Ár 2018, miðvikudaginn 14. nóvember, á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, er kveðinn upp dómur í máli nr. E-277/2016:

Geri allt slf.

(Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður)

gegn

Theodóri Francis Birgissyni

og gagnsök

(Einar Gautur Steingrímsson lögmaður)

Mál þetta, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð þann 1. október 2018, er höfðað með stefnu birtri 18. október 2016.

Aðalstefnandi er Geri Allt slf., [...] Reykjavík, fyrirsvarsmaður Daníel Sigurðsson, kt., sama stað.

Aðalstefndi er Theodór Francis Birgisson, Sólvöllum 1, Selfossi.

Í aðalsök gerir aðalstefnandi þær dómkröfur á hendur aðalstefnda „að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1,091,567.00, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 1,091,567.00 frá 12.10.2015 til greiðsludags. Allt að frádreginni innborgun dags. 12.10.2015 kr. 150,000.00, sem dragast skal frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Að auki er þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til áfallins löginneheimtukostnaðar í samræmi við heimildir.“

Í aðalsök krefst aðalstefndi sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Með birtingu gagnstefnu þann 13. febrúar 2017, höfðaði aðalstefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda og Daníel Sigurðssyni, [...], Reykjavík, fyrirsvarsmanni aðalstefnanda.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þær dómkröfur að gagnstefndu verði in solidum dæmdir til að greiða gagnstefnanda kr. 1.569.764 auk vanskilavaxta p.a., skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 að liðnum mánuði frá birtingu gagnstefnu til greiðsludags, sbr. 9. gr. sl. Jafnframt krefst gagnstefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Í gagnsök gera gagnstefndu þær dómkröfur „Aðallega að gagnstefndi sé sýkn af kröfum gagnstefnanda. Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu. Til vara er krafist lækkunar á kröfum gagnstefnanda og að málskostnaður falli niður.“

Við aðalmeðferð gáfu skýrslur Daníel Sigurðsson, Theodór Francis Birgisson, Harpa Sjöfn Nicolaidóttir Blöndal, eiginkona Daníels Sigurðssonar, Þórir Haraldsson vinur aðalstefnda og tengdafaðir Daníels Sigurðssonar, og Gunnar Fannberg Gunnarsson.

Við aðalmeðferð var leiðrétt af lögmanni aðalstefnda að innborgun hafi átt sér stað 26. september 2015 en ekki 12. október sama ár.

Fyrir uppkvaðningu var gætt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Málavextir

Að nokkru greinir aðila máls þessa á um málavexti.

Þó er óumdeilt að Daníel Sigurðsson, fyrirvarsmaður aðalstefnanda, hér eftir stefnanda nema annað sé tekið fram, vann við pípulagnir á heimili aðalstefnda, hér eftir stefnda nema annað sé tekið fram. Ásamt Daníel vann kona Daníels, Harpa Sjöfn, við verkið að einhverju leyti.

Stefnandi byggir á því að hafa unnið tiltekið verk fyrir stefnda og sé skuldin einfaldlega vegna ógreidds reiknings fyrir verkið, en um sé að ræða vinnu, aksturs- og efniskostnað.

Stefndi lýsir því að hafa í byrjun september 2015 samið um það við Þóri Haraldsson að vinna fyrir sig breytingar á bílskúr við heimili sitt að Sólvöllum 1. Þórir hafi óskað eftir því að dóttir hans, Harpa Sjöfn Blöndal Nicolaidóttir, sæi um pípulögn og í gegnum Þóri hafi stefndi gert munnlegt samkomulag um hennar þátt í verkinu.

Kveður stefndi að um hafi verið að ræða breytingu á 50 fermetra bílskúr í 35 fermetra stúdíóbúð og 15 fermetra geymslu. Í upphafi hafi þurft að leggja 6 metra frárennslirör fyrir eldhúsvask og 3 metra frárennslirör fyrir sturtu og salerni sem hafi farið í sama niðurfali á gólfi. Öll brotvinna á gólfi hafi verið framkvæmd af öðrum aðila þannig að aðeins hafi þurft að leggja rörin. Þá hafi þurft að tengja frárennslirör frá gólfi og upp í eldhúsvaskinn, leggja heitt og kalt vatn frá inntaki í eldhúsvaskinn, sem séu 6 metrar, og að baðvaski sem séu 3 metrar. Jafnframt hafi þurft að leggja kalt vatn fyrir þvottavél, sem hafi verið 4 metrar og færa inntaksgrindina um 1 metra.

Kveður stefndi að samkomulagi við Hörpu Sjöfn, sem hafi verið verktaki, hafi verið rift þegar þessir verkþættir hafi verið afstaðnir og þannig hafi komið í hlut annars pípulagningamanns að ljúka verkinu.

Þegar til hafi komið hafi Harpa ekki sagst ráða við að klára verkið ein og ætlað að fá kærastann sinn, Daníel Sigurðsson, fyrirvarsmann stefnanda, til að hjálpa sér. Stefndi hafi ekki haft neinar athugasemdir við að Daníel yrði undirverktaki, enda hafi Harpa sagt að það myndi engu breyta um þeirra samning

og að tímagjald væri það sama og hún hefði ætlað að taka eða 3.500 kr. á tímann auk virðisaukaskatts.

Daníel hafi svo komið og unnið í þrjá daga við verkið með Hörpu.

Fyrsta vinnudag Hörpu, þann 26. september 2015, hafi stefndi greitt henni kr. 150.000 inn á verkið sbr. framlagða millifærslukvittun.

Þá kveðst stefndi hafa fengið skilaboð frá Hörpu þann 5. október 2015 um að hann þyrfti að greiða kr. 400.000 inn á verkið þann dag, en annars gæti Daníel ekki klárað að kaupa efni í verkið. Stefndi hafi þá hringt í Hörpu og sagt að hann væri ósáttur, enda væri þessi upphæð langt frá upprunalegri áætlun. Harpa hafi ekki viljað tjá sig um málið og beðið stefnda að ræða við Daníel, sem stefndi hafi ekki sagst vilja gera þar sem Daníel væri hennar undirverktaki og stefndi væri ekki í neinu samningssambandi við hann. Seinna þennan saman dag hafi stefndi fengið tölvupóst frá Daníel með yfirliti yfir unna tíma í þá níu daga sem verkið eigi að hafa staðið og kostnað við akstur og efni. Um væri að ræða 66 tíma á kr. 9.930 með virðisaukaskatti, eða samtals kr. 654.720, akstur kr. 153.900 og lagnaefni, samtals kr. 1.091.567. Væri Daníel tilbúinn að rukka kr. 63.000 fyrir akstur, þ.e. 7.000 kr. á dag og kr. 3.500 á tímann vegna vinnu. Með þessu stæðu eftir kr. 449.737 sem væri tæplega 50% lægra en eðlilegt verð fyrir þetta verk. Þetta yrði Daníel að fá greitt fyrir 15. október 2015. Hafi stefndi svarað þessu strax og gert athugasemdir við tímafjölda og verð á efni. Þá hafi stefndi áréttað að samningur hans hefði verið við Hörpu en ekki stefnanda og væri reikningurinn því honum í raun óviðkomandi.

Við þessu hafi Daníel brugðist með því að gefa út þann reikning sem stefnt sé út af. Stefndi kveðst þegar eftir viðtöku reikningsins hafa haft samband við Daníel og ítrekað við hann að þeir væru ekki í viðskiptum. Stefndi hafi hafnað reikningnum og endursent af tveimur ástæðum, annars vegar væri ekkert samningssamband á milli aðila og hins vegar væri reikningurinn í engu samræmi við almenn verð á markaði og fjarri því að vera í nokkru samræmi við þann samning sem stefndi hefði gert við Hörpu Sjöfn.

Kveðst stefndi hafa sent Hörpu tölvupóst þann 13. október 2015 og afrit á Daníel og reynt með því að gera lokatilraun til að ná uppgjöri við hana. Í tölvupóstinum hafi stefndi boðist til að greiða Hörpu kr. 100.000 til viðbótar þeim 150.000 kr. sem hann hafi þegar verið búinn að greiða, gegn því að málið yrði endanlega látið niður falla. Hafi stefndi boðið féð fram til greiðslu samdægurs. Í framhaldi af þessu hafi Daníel sent stefnda tölvupóst þar sem hafi komið fram að Harpa myndi ekki svara þessu og lögfræðisinnheimtu verið hótað, en stefndi hafi svarað og ítrekað að ekkert samningssamband væri milli aðila málsins og hafnað því að skulda stefnanda neitt. Daníel hafi svarað þessu og sagt Hörpu meðeiganda að stefnanda og því væri reikningurinn á hennar vegum.

Samkvæmt framlögðu vottorði fyrirtækjaskrár dags. 14. október 2015 eru eigendur stefnanda þeir Daníel Sigurðsson og Guðjón Einarsson. Hluthafaskýrsla frá Creditinfo, prentuð 26. október 2016 staðfestir þetta.

Stefnda mun hafa borist innheimtuviðvörðun 22. október 2015 og kveðst hann þegar hafa hafnað kröfunni, en fengið síðan áminningarbréf 5. nóvember 2015.

Stefndi kveðst hafa fengið úttekt Einars Pálssonar pípulagningameistara um verkið þann 17. nóvember 2015 og hafi hann gert ítarlegar athugasemdir við efnisval, verktíma og efnislista. Þá hafi hann áætlað að kostnaður við verkið með efni og vinnu væri um kr. 150.000 með virðisaukaskatti. Athugasemdir hans hafi lotið að því að lagnir væru ekki einangraðar inn í veggjum og engin úttekt farið fram af löggiltum pípulagningameistara áður en veggjum var lokað. Því mætti búast við raka inn í veggjum þar sem heita- og kaldavatnslagnir væru ekki einangraðar og í framhaldi af því gæti myglusveppur myndast. Þá hafi ekki verið gengið frá festingum á lögnum í veggjum og ekki liggi fyrir að lagnir hafi verið þrýstiprófaðar áður en veggjum hafi verið lokað. Hafi Einar Pálsson áætlað að um tveggja daga verk væri að ræða, 16-20 klukkustundir með ferðum og efniskaupum. Þá hafi hann gert athugasemdir við efnislista stefnanda en ekki væri að sjá að allt það efni sem þar væri listað upp hefði verið notað til verksins. Ekki hefði verið tekið tillit til efnis sem hefði væntanlega verið skilað og ekki til afsláttar sem ætla mætti að hefði verið á efniskaupum.

Þann 23. nóvember 2015 sendi Erling Magnússon lögfræðingur bréf til Daníels f.h. stefnda með athugasemdum við umræddan reikning. Athugasemdirnar lutu að eftirfarandi:

1. Ekkert samnings samband væri milli aðila.
2. Fjárhæð reikningsins væri margföld sú fjárhæð sem sambærilegt verk myndi kosta.
3. Gallar væru á verkinu og það væri ekki unnið í samræmi við byggingarreglugerð um einangrun pípulagna. Þá væri verkið ekki unnið í samræmi við 4. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup þar sem fram komi að útseld þjónusta sem veitt væri í atvinnuskyni, skuli ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti.

Með síðastgreindu bréfi var reikningnum hafnað og stefnanda boðið að ljúka málinu með þeim 150.000 kr. sem þegar höfðu verið greiddar til Hörpu þann 26. september 2015 að teknu tilliti til þeirra galla sem komið hefðu í ljós á verkinu en stefndi bauð stefnanda að hann skyldi bera þann kostnað sjálfur, yrði málinu lokið með framangreindum hætti.

Þann 26. febrúar 2016 barst stefnda tölvupóstur frá Daníel þar sem hann sagðist gera lokatilraun að sátt. Kvað skuldina í raun vera kr. 449.737 og að hann

væri tilbúinn að fella hana niður ef greiddar yrðu 350.000 fyrir efni og akstur og væri þá vinnan frí. Stefndi kveðst hafa ítrekað að þann 13. október 2015 hefði hann gert Hörpu lokatilboð til sátta og afstaða hans væri enn sú sama. Harpa gæti fengið kr. 100.000 þann sama dag ef gengið yrði að kröfu stefnda um að málið yrði látið falla niður.

Undir rekstri málsins var dómkvaddur matsmaður að beiðni stefnda. Var matsbeiðni lögð fram í þinghaldi 2. nóvember 2016 og matsmaður dómkvaddur í þinghaldi 7. desember 2017 og var matsgerð hans lögð fram í þinghaldi 14. febrúar 2016. Matsspurningar voru eftirfarandi:

1. Hvert er umfang þess verks sem matsþoli Geri Allt slf. kveðst hafa unnið við pípulagningar að Sólvöllum 1, Selfossi?
2. Í hverju fólst framangreint verk?
3. Hvað má ætla að kosti að láta vinna framangreint verk, þ.e. hvað er sanngjörn þóknun fyrir verkið?
4. Er verkinu í einhverju áfátt?
5. Sé svarið við spurningu 4 jákvætt, hvað þarf að gera til að bæta úr og hvað kostar það?

Í matsgerð hins dómkvadda matsmanns, Gunnars Fannberg Gunnarssonar byggingafræðings og pípulagningameistara, dags. 24. janúar 2017, segir í niðurstöðu um matsspurningu nr. 1, að matsmaður hafi staðreynt við vettvangsskoðanir, yfirferð gagna ásamt viðtölum við matsbeiðanda og matsþola að umfang verksins sé lagning neyslu, hitalagna og fráveitulagna innan rýmis sem skráð er bílskúr á samþykktum teikningum. Lagnir lagðar að tengistöðum en ekki tengdar hreinlætistækjum, lagnagrind færð um ca. einn metra og lögð ný stofnlögn að deilikistu í þvottahúsi.

Í niðurstöðu matsmanns um matsspurningu nr. 2 segir að verkið hafi falist í lagnavinnu er varði breytingar á bílskúr þar sem innréttuð sé íbúð í hluta bílageymslu, líkt og fram komi í matslið 1. Um fráveitulagnir segir að fráveitulögn sé lögð og tengd við eldri lögn undir steyptri botnplötu, lagt sé að tengistöðum handlaugar, salernisskálar, sturtu í sama rými ásamt eldhúsvask. Um neysluvatnslagnir segir að Álpex lagnir séu lagðar að tengistöðum að handlaug, salernisskálar, sturtu og eldhúsvask, hluti lagna lagðar í léttu vegg en undir botnplötu að eldhúsvask. Um hitalagnir segir að hitagrind sé færð ca. einn metra af útvegg og á léttan vegg sem aðskilji núverandi geymslu og íbúð í bílskúr. Álpex lagnir lagðar sýnilegar að ofnum í íbúð og deilikistu í þvottahúsi sem liggi næst geymslu. Samkvæmt upplýsingum sem fram hafi komið við vettvangsskoðun hafi

verið búið að brjóta og undirbúa lagnaleiðir, en matsþoli hafi lýst því að nauðsynlegt hefði verið að brjóta enn betur til að geta tengt lagnir. Um frágang eftir lagnavinnu segir að steipt hafi verið yfir lagnaleið í gólfplötu og stillt af niðurfall í sturtubotni.

Um matsspurningu nr. 3 segir að við skoðun og yfirferð gagna megi áætla að verk sem hér um ræði, ásamt efniskaupum, sé tveggja daga vinna fyrir einn mann, eða 16 tímar. Almennt tímagjald pípulagningameistara sé kr. 8.300 með virðisaukaskatti og því sé heildar kostnaður vinnuliðar 16x8.300 eða samtals kr. 132.800 með virðisaukaskatti og efniskostnaður kr. 70.000, eða samtals kr. 202.800 með virðisaukaskatti.

Um matsspurningu nr. 4 segir í niðurstöðu að við skoðun hafi verið staðreynt að ýmsu hafi verið áfátt við verkið þar sem ekki séu uppfylltar lágmarkskröfur sem gerðar séu til slíkra verka ásamt því að hluti lagnaefnis sé gallað.

Um matsspurningu nr. 5 segir í niðurstöðu að matsmaður hafi staðreynt að endurleggja þurfi allar neyslu-, hita- og fráveitulagnir þar sem lágmarkskröfur séu ekki uppfylltar. Við endurbætur skuli taka niður öll hreinlætistæki ásamt neðri skápum í eldhúsi, fjarlægja parket og innanstokksmuni. Opna skuli léttu vegg og brjóta upp gólfplötu þannig að mögulegt sé að fjarlægja þær lagnir sem þar hafi verið komið fyrir. Lyfta skuli eldri steinlög þannig að rennslishalli sé réttur og fráveitulög sé sjálfhreinsandi. Leggja skuli 100 mm PVC plastlagnir allt frá tengingu eldri steinlagnar og að tengistöðum þar sem lagnir ganga upp í gegnum botnplötu, greiningar á lögum neðan botnplötu skuli að hámarki hafa 45° beygju og ef þörf sé á að vinkilbeygja sé útfærð í sökkli skuli nota tvær 45° beygjur. Minnkanir á fráveitulögum skuli útfærðar þar sem lagnir ganga í gegnum botnplötu og því grennri lagnir að tengistöðum við hreinlætistæki. Skipta skuli út gölluðum neysluvatns- og hitalögnum og endurleggja, einangra skuli allar neyslu- og hitalagnir sem lagðar eru undir botnplötu eða inn í léttu vegg/stokka. Sanda skuli að lögnum áður en botnplata er járnabundin og steipt er í skurð. Reiknað sé með að nota megi aftur parket, innréttingu í eldhús ásamt hreinlætistækjum en endurnýja þurfi flísar, hluta léttra veggja ásamt lagnaefni. Undirvinna og mála skuli íbúðarrými eftir lok framkvæmda.

Metinn kostnaður í matsgerð innifeli allan kostnað verktaka við að vinna viðkomandi verkliði og innifeli virðisaukaskatt. Miðað sé við að verkið sé unnið í einum áfanga og sé unnið af faglærðum mönnum með aðstoðarmönnum. Tekið sé tillit til umfangs verkliða og aðstæðna á verkstað.

Í matsgerð sinni sundurliðar matsmaður áætlaðan kostnað við úrbætur með eftirfarandi hætti:

Samantekt kostnaðar Vinna á verkstað Efni og tækjaleiga Upphæð með vsk eftir afskriftir

Matsliður nr. 5	Endurbætur vegna ágalla	1.340.200 kr.	438.000 kr	1.778.200 kr
	Kostnaður samtals með vsk	1.340.200 kr	438.000 kr	<u>1.778.200 kr</u>
	Kostnaður að teknu tilliti til afskrifta	1.340.200 kr		
	Samtals kostnaður án vsk.	1.080.806 kr	353.226 kr.	1.434.032 kr.

Endurgreiddur vsk. af vinnu á staðnum 60% 155.363 kr.

Samtals

1.622.564 kr.

Matsliður nr. 5

	Verkháttur	Vinna á verkstað	Efni og tækjaleiga	Upphæð með vsk
	Endurbætur vegna ágalla			
5,1	Niðurtekt innréttinga og hreinlætistækja	132.800 kr	16.000 kr	148.800 kr
5,2	Parket tekið upp og brotin upp lagnaleið í botnplötu þar sem eldri lagnir eru fjarlægðar, léttur veggir og stokkar opnaðir og neyslu- og hitalagnir fjarlægðar.	332.000 kr	120.000 kr	452.000 kr
5,3	Eldri steinlagn hækkuð ásamt lagningu fráveitu, neyslu- og hitalagna að tengistöðum. Neyslu og hitalagnir einangraðar	152.800 kr	80.000 kr	232.800 kr
5,4	Léttum veggjum, stokkum lokað, skurður í gólfplötu, járnaður steypdur	265.600 kr	96.000 kr	361.600 kr
5,5	Parket endurlagt ásamt flísalögn á baðherbergi	199.200 kr	60.000 kr	259.200 kr
5,6	Uppsetning hreinlætistækja og innréttingar	132.800 kr	16.000 kr	148.800 kr
5,7	undirvinna og málun	75.000 kr	30.000 kr	105.000 kr
5,8	Þrif og förgun	50.000 kr	20.000 kr	70.000 kr
	Samtals með vsk	1.340.200 kr	438.000 kr	1.778.200 kr.

Í þinghaldi 17. mars 2017 lagði stefnandi fram beiðni um yfirmat ásamt beiðni um undirmat vegna tveggja nýrra spurninga. Þann 10. apríl 2017 voru dómkvaddir tveir nýir mats- og yfirmatsmenn skv. framansögðu. Annar þeirra var svo leystur undan starfanum að eigin ósk og nýr dómkvaddur í hans stað. Áður en þeirri vinnu lauk lagði stefnandi fram um það kröfu í þinghaldi 7. desember 2017 að mats- og yfirmatsmenn yrðu leystir undan starfanum og nýir dómkvaddir í þeirra stað, en því var hafnað í sama þinghaldi með úrskurði dómsins. Þá þegar lagði stefnandi fram bókun þar sem hann féll frá kröfu sinni um dómkvaðningu mats- og yfirmatsmanna. Var þá ákveðin aðalmeðferð 12. mars 2018, en hún dróst af ýmsum ástæðum, m.a. vegna vandkvæða við að finna sérfróðan meðdómanda.

Málsástæður og lagarök stefnanda í aðalsök

Stefnandi kveðst bjóða upp á margs konar viðgerðarþjónustu, m.a. pípulagningaþjónustu. Skuld þessi sé tilkomin vegna vinnu og aksturs stefnanda í þágu stefnda ásamt efniskostnaði, allt samkvæmt meðfylgjandi reikningi og sundurliðun. Inn á skuldina hafi verið greidd innborgun 12. október 2015 kr. 150,000 og hafi þegar verið tekið tillit til hennar við gerð dómkrafna. Eftirstöðvar skuldarinnar hafi ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Kveðst stefnandi byggja kröfu sína á ofangreindum reikningi sem og á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um ábyrgð manna á skuldbindingum sínum. Jafnframt vísar stefnandi til laga um þjónustukaup nr. 42/2000. Kröfur um vexti og dráttarvexti styður stefnandi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum III. og V. kafla. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 129. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 32. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda í aðalsök

Í upphafi byggði stefndi á því að ekkert samningssamband væri á milli aðila máls og beri því að sýkna sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Undir rekstri málsins lagði stefndi fram bókun í þinghaldi þann 14. febrúar 2017, þar sem segir að aðalstefndi falli frá þeirri málsástæðu í aðalsök um aðildarskort aðalstefnanda. Í því felist ekki viðurkenning á því að Harpa Sjöfn Nicolaidóttir Blöndal sé laus allra mála hvað varðar hennar þátt í málinu. Að öðru leyti sé krafist sýknu á grundvelli greinargerðar í aðalsök og á grundvelli framlagðrar greinargerðar

Stefndi byggir á því að lög nr. 42/2000 um þjónustukaup eigi við um verkið sbr. 2. tl. 1. mgr. 1. gr. Ekki megi víkja frá samningi þessum neytanda í óhag, sbr. 3. gr. laganna.

Byggt er á því að umrætt verk sé gallað og frágangur ófullnægjandi. Verkið samræmist því ekki 4. gr. laga nr. 42/2000.

Á því er byggt að galli þessi sé þess eðlis að vikið sé frá 5. gr. laga nr. 42/2000, m.a. venjum, stöðlum og byggingarreglugerð.

Nánar um galla á verki vísar stefndi til þess að verkið standist ekki kröfur skv. 4. gr. laga nr. 42/2000 og geti eignin legið undir skemmdum vegna gallanna. Að auki sé vísað til þess að verkinu sé almennt áfátt þar sem vikið sé frá þeim fagkröfum sem gerðar eru til fagmanna. Sé því samhliða reglum laga nr. 42/2000 jafnframt byggt á almennu skaðabótareglunni en virða verði handarbakavinnu stefnanda til ásetnings eða gáleysis.

Stefndi hyggist sanna með matsgerð umfang gallans og kostnað við að bæta úr.

Byggir stefndi á því að með kr. 150.000 sé verkið fullbargað og að auki megi draga frá því gagnkröfu vegna framangreinds galla. Frádráttur þessi sé samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og fái að auki stoð í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 42/2000. Fram að því megi neytandi halda eftir greiðslu sbr. 3. mgr. 11. gr. laganna. Verði ekki fallist á bótakröfu stefnda sé byggt á því að hann eigi rétt til afsláttar svo háan að stefnandi eigi engan rétt til greiðslu fyrir verkið. Þá áskilur stefndi sér það í greinargerð að stefna fyrir öllu tjóni og afslætti sem stefndi kunni

að eiga rétt á og endurkrefja það sem ofbargað sé.

Skaðabótakröfum sínum til frekari stuðnings vísar stefndi til 15. gr. laga nr. 42/2000, enda sé á því byggt að krafan verði bæði rakin til vanrækslu stefnanda og að hún hafi ekki þá kosti sem áskildir eru, enda hafi stefnandi skapað fleiri vandamál en hann hafi leyst með vinnu sinni.

Miðað við lýsingar á gallanum kunni stefnandi að hafa valdið tjóni á eignum stefnda. Er áskilinn réttur til að gera kröfur á þeim grundvelli.

Þá byggir stefndi á því að reikningurinn uppfylli ekki þau skilyrði 28. gr. laga nr. 42/2000, að vera sanngjarn að teknu tilliti til umfangs verksins og eðli þess.

Þá byggir stefndi á því að reikningur stefnanda sé ekki nægilega sundurliðaður í skilningi 34. gr. laga nr. 42/2000. Af því leiði að sýkna beri að svo stöddu ef ekki verði fallist á sýknukröfuna.

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda í gagnsök

Gagnstefnandi byggir á því að þjónustan sem gagnstefndu hafi innt af hendi fyrir gagnstefnanda að Sólvöllum 1 sé haldin galla. Í matsgerð á bls. 7, sé umfangi hins selda verks lýst sem svo:

„... um sé að ræða vinnu vegna breytinga á lagnakerfi þar sem lagðar voru fráveitu, neyslu og hitalagnir að tengistútum í eldhúsi, baðherbergi og stofurými íbúðar í bílskúr“

Kveður gagnstefnandi að í 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup sé fjallað um galla á seldri þjónustu, en þar segi m.a. í 1. tl. að seld þjónusta sé gölluð ef árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða vikur frá almennum öryggiskröfum skv. 5. gr. Þjónusta gagnstefndu uppfylli ekki kröfur 4. eða 5. gr. laga nr. 42/2000 um að þjónusta skuli vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni og að þjónustan sé í samræmi við almennar reglur, staðla og reglur sem stjórnvöld setja, stjórnvaldsákvarðanir og lög sem gilda um veitta þjónustu í þeim tilgangi að vernda öryggi neytenda. Í matsgerð sé sýnt fram á að vinna gagnstefndu hafi verið haldin þeim ágalla að uppfylla ekki lágmarkskröfur byggingarreglugerðar um frágang á pípulögnum, sbr. bls. 11 í matsgerð. Í matsgerð komi fram að neyslu- og hitalagnir hafi verið óeinangraðar undir steyptri gólfplötu og inni í léttum veggjum en slíkt uppfylli ekki kröfur 14.2.5. gr. byggingarreglugerðar. Þá og þegar af þeirri ástæðu uppfylli verkið ekki opinber skilyrði og teljist því ólöglegt sbr. skýringar í greinargerð við ákvæði 1. tl. 9. gr. laga nr. 42/2000. Þá hafi verið notaðar gallaðar lagnir til verksins, en slíkt geti ekki talist til faglegra og góðra viðskiptahátta.

Þá kveðst gagnstefnandi enn fremur byggja á því að verkið sé gallað skv. 5. tl. 9. gr. laga nr. 42/2000, þar sem að árangur verks gagnstefnda hafi verið minni en með réttu hafi verið áskilið af gagnstefnanda og megi rekja orsök þess til vanrækslu gagnstefndu. Eins og að ofan greinir hafi neyslu- og hitalagnir verið óeinangraðar, en slíkur frágangur gangi í berhögg við opinber fyrirmæli um frágang lagna. Þá hafi úrgangur myndast í fráveitulögn vegna ófullnægjandi tengingar við eldri lögn. Þá hafi tengingum fráveitulagna frá eldhúsvaski, niðurfalli í sturtubotni og salernisskál verið ábótavant svo að rennsli og sjálfhreinsun hafi ekki verið tryggð, sbr. bls. 11 í matsgerð. Þá hafi verið notaðar gallaðar lagnir til verksins. Sé því ljóst að notagildi þeirrar þjónustu sem gagnstefndi hafi innt af hendi sé mun minna en ella, og því um galla að ræða sbr. skýringar í greinargerð við 5. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 42/2000. Þá sé enn fremur sannað að notagildi þjónustu gagnstefnda hafi ekki einungis verið minna en ella, heldur hafi gagnstefndi beinlínis valdið tjóni með gölluðu verki og sé kostnaður við að bæta úr metinn margfalt hærrí en sá kostnaður sem eðlilegur hefði verið við vinnu verksins. Ef árangur þjónustu verði ekki sá sem um hafi verið samið, og það er ekki á ábyrgð neytanda, sé þjónustan gölluð, óháð því hvort um sök er að ræða hjá seljanda.

Þá sé talið að verkið sé einnig gallað skv. 6. tl. 9. gr. laga nr. 42/2000. Sýnt hafi verið fram á að þjónusta gagnstefnda víki að miklu, ef ekki öllu leyti, frá því sem upphaflegt samkomulag um þjónustuna hafi kveðið á um. Eðli málsins samkvæmt hafi gagnstefnandi gert kröfu um að þær lagnir sem leggja hafi átt, væru gallalausar og sömuleiðis frágangur þeirra. Hins vegar sé sýnt fram á að lagnirnar sem lagðar hafi verið, sem og frágangur þeirra, hafi verið gallaður og því ljóst að hin selda þjónusta víki í meginatriðum frá upphaflegu samkomulagi sbr. 6. tl. 9. gr. laga nr. 42/2000.

Byggir gagnstefnandi á því í gagnsök að gagnstefndi hafi valdið gagnstefnanda tjóni þegar hann hafi unnið þjónustu sem falist hafi í lagningu hita-, neyslu- og fráveitulagna að Sólvöllum 1, og beri hann ábyrgð á því skv. almennu skaðabótareglunni auk 15. gr. laga nr. 42/2000. Gagnstefndi, sem sé löggiltur pípulagningameistari, hafi vitað eða mátt vita að frágangur hans og vinna að Sólvöllum 1, uppfyllti ekki lágmarkskröfur um frágang og að slíkur frágangur væri til þess fallinn að valda því tjóni sem hafi orðið. Þá verði gagnstefndi að bera ábyrgð á því að hafa notað til verksins gallað efni.

Kveður gagnstefnandi að skv. 15. gr. laga nr. 42/2000 sé gagnstefndi skaðabótaskyldur vegna tjóns gagnstefnanda, en skilyrði ákvæðisins séu þegar uppfyllt þar sem sýnt hafi verið fram á að;

1. bæði þjónustan og efni sem notað hafi verið af gagnstefnda við vinnu að Sólvöllum 1 sé gallað, sbr. 1., 5. og 6. tl. 9. gr. laga nr. 42/2000, og að

2. gagnstefnandi hafi orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Þá séu gagnstefndu einnig skaðabótaskyldir á grundvelli sakarreglunnar en leggja verði til grundvallar að gagnstefndi Daníel, sem sé löggiltur pípulagningameistari, hafi vitað eða mátt vita um kröfur þær sem gerðar séu um frágang lagna í opinberum fyrirmælum og að honum hafi borið að fylgja eftir þeim kröfum í starfi sínu. Þá verði að gera þær kröfur til fagmanna, að þeir noti ógallað efni í vinnu sinni og beri ábyrgð á því ef efni sem þeir nota telst vera gallað.

Um lagarök vísar gagnstefnandi til 4., 5. og 9., 15. gr. laga nr. 42/2000, almennu skaðabótareglunnar og byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Að því er varðar málskostnað vísar gagnstefnandi til XXI. kafla 1. nr. 91/1991, sérstaklega 129. gr. og 130. gr. Tekið verði tillit til þess að gagnstefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og þurfi því aðfararhæfan dóm fyrir skattinum.

Hvað varðar tölulega kröfugerð gagnstefnanda vísar hann til þess að matsmaður miði við að tjón gagnstefnanda sé kr. 1.622.564 að teknu tilliti til endurgreiðslu 60% virðisaukaskatts vegna vinnu á verkstað. Matsmaður komist einnig að þeirri niðurstöðu að kostnaðurinn við að vinna verkið sé kr. 202.800 m/vsk. Það sé sú fjárhæð sem gagnstefnandi hafi mátt vænta að verkið myndi kosta hann. Dragist sú fjárhæð því frá tjóninu. Þegar hafi verið greiddar kr. 150.000 inn á verkið og standi þá eftir kr. 52.800. Sé það dregið frá framangreindri fjárhæð og þannig fái stefnufjárhæðin, kr. 1.569.764.

Að því er varðar aðild vísar gagnstefnandi til þess að um sé að ræða samlagsfélag sem hafi unni verkið og beri gagnstefndi Daníel ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess.

Málsástæður gagnstefndu í gagnsök

Gagnstefndu vekja sérstaklega athygli á því að notaðar hafi verið Huliot lagnir, sem komi með einangrun, í verkið.

Gagnstefndi kveðst gera alvarlegar athugasemdir við fyrirliggjandi matsgerð í málinu og telur hana ekki endurspegla raunverulega stöðu málsins. Þannig sé ekki sýnt fram á að gagnstefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna aðgerða gagnstefnda sem og að ekki sé sýnt fram á að frágangur gagnstefnda á verkinu sé ekki jafn endingargóður og sú úrræði sem fyrirliggjandi matsgerð mæli fyrir um.

Gagnstefndi kveðst einkum gera athugasemdir við eftirfarandi:

Varðandi matslið 3 kveðst gagnstefndi ekki fallast á það að almennt tímagjald pípulagningameistara sé 8.300 kr. á klukkustund með virðisaukaskatti. Þessi tala sé úr lausu lofti gripin og ekki í samræmi við eðlilegan rekstrarkostnað og reiknað endurgjald vegna starfsemi pípulagningameistara.

Þá sé niðurstaða matsmanns um áætlaða vinnu í engu samræmi við staðreyndir málsins. Unnið hafi verið að breytingum á húsnæðinu og hafi gagnstefndi ítrekað verið kallaður til svo hann gæti lokið vissum þáttum verksins. Þetta hafi kallað á akstur milli Reykjavíkur og Selfoss sem hafi gert tímavinnu umfangsmeiri en annars. Gagnstefndi hafi þannig ítrekað þurft að koma og leysa mál sem síðar hafi komið í ljós að ekki væri hægt að leysa nema að hluta. Eðlilegt sé að niðurstaða matsmanns taki tillit til þess að húsnæðið hafi ekki verið klárt allt á sama tíma til að ljúka pípulagningavinnu. Í engu hafi verið tekið tillit til þessa við fyrirbyggjandi matsgerð.

Varðandi matslið 4 kveður gagnstefndi að verkinu sé í engu áfátt. Fullyrðingar um að hluti lagnaefnis sé gallað séu beinlínis rangar. Útlitsgalli á rörum leiði ekki til tjóns fyrir gagnstefnanda. Kveður gagnstefndi að bólga geti myndast í ysta einangrunarlagi lagnanna sem hafi engin áhrif á einangrunargetu þeirra.

Varðandi matslið 5 kveður gagnstefndi að niðurstöður matsmanns standist ekki skoðun um hvað teljist galli. Í 9. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000 séu vísireglur um hvenær þjónusta telst gölluð. Matsatriðin séu eftirfarandi:

„1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta víkur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,

2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,

3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,

4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,

5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,

6. seld þjónusta víkur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.“

Í fyrsta lagi kveðst gagnstefndi gera athugasemd við að Álpex lagnir séu gallaðar. Þó svo að þekkt sé hjá framleiðanda lagnanna að raki geti myndast í ysta einangrunarlagi svo litlar bólur myndist á yfirborði hafi það engin áhrif á gæði og einangrun lagnanna. Slíkt hafi engin áhrif á notagildi, endingu og öryggi lagnanna.

Í öðru lagi gerir gagnstefndi athugasemd við fullyrðingu um að lagnir undir gólfplötu séu óeinangraðar. Lagnirnar sjálfar séu einangraðar frá framleiðanda og kveðst gagnstefndi hafa lagt þær í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Telur gagnstefndi að frágangur á lögnum sé í samræmi við gr. 14.2.5 í byggingarreglugerð þar sem einangrun lagnanna sjálfra komi í veg fyrir óþarfa orkueyðslu.

Í þriðja lagi sé röng fullyrðing í matsgerð um að 50mm lög sem greinist frá og liggur að handlaug innan salernis, sé 70 mm, svo minnkuð í 50 mm og svo aftur upp í 70mm. Það sé mat gagnstefnda að hér hafi átt sér stað mistök í úrlestri lagnamyndunar.

Í fjórða lagi gerir gagnstefndi athugasemd við að 50mm lög liggja frá sturtu inn á fráveitulög. Um sé að ræða rör sem taki eingöngu við vatni úr niðurfalli sturtunnar og engu öðru. Rörið sé jafnbreitt niðurfallinu og fari beint inn á 100mm lög í gegnum tengigreini frá salerni. Því sé alrangt að segja að frárennislög sé undir 100mm í grunni þar sem einungis tenging sturtunnar við frárennislögnina sé 50mm en ekki 100mm. Gagnstefndi telur að tengingin sé fullnægjandi og anni því að tengja sturtuna við frárennislagnir. Því valdi þetta gagnstefnanda engu tjóni.

Í fimmta lagi kveður gagnstefndi að matsmaður virðist haldinn misskilningi um eðli Huliot lagna sem notaðar hafi verið í verkið þegar gerð sé athugasemd við að notuð hafi verið 87° grein en ekki tvær 45° greinar. Vísar gagnstefndi til myndar í bæklingi sem fylgi matsgerð sem fjalli um frárennislagnirnar. Huliot lagnirnar séu þess eðlis að þær séu með innbyggðan 45° fláa sem tryggi rennsli og sjálfhreinsun.

Vegna niðurstaðna matsmanns vísa gagnstefndu til þess að í niðurstöðukafla matsgerðar segi að lyfta skuli eldri steinlög þannig að rennlishalli sé réttur og fráveitulög sé sjálfhreinsandi. Þetta hafi bæði gagnstefnandi og gagnstefndi vitað þegar verkið var framkvæmt. Gagnstefndi hafi bent á að þetta þyrfti að laga sem hafi gert það að verkum að taka þyrfti upp lögnina með tilheyrandi broti og mokstri fram í heimkeyrslu. Þetta hafi gagnstefnandi ekki viljað. Hér sé matsmaður að leggja til úrbætur sem séu fyrir utan það verk sem gagnstefnandi og gagnstefndi hafði samið um að væri framkvæmt og eigi ekki að skoðast sem hluti af matsgerð.

Að öðru leyti sé niðurstöðum mótmælt með hliðsjón af áðurgreindu þar sem engin þörf sé á svo umfangsmiklum aðgerðum þar sem ástand lagna sé ekki lakara að gæðum og endingu en sú útfærsla sem matsmaður hafi lagt til. Þar að auki sé beinlínis rangt sem segi í matsgerð að einangra þurfi vatnslagnir sem lagðar eru inn í léttu vegg. Þær liggja öðru megin á einangrunarlagi (steinull) og annað einangrunarlag lagt yfir. Því sé þessi fullyrðing matsmanns röng og lagnirnar séu vel einangraðar inni í veggnum milli tveggja steinullarlaga.

Gagnstefndi kveðst því mótmæla alfarið að þjónusta hans hafi verið haldin galla. Gagnstefndi telur að þjónustan hafi uppfyllt öll skilyrði 9. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000. Þá telur gagnstefndi sig hafa unnið verkið af fagþekkingu svo gæði þess séu ekki lakari en það sem lagt hafi verið til í matsgerð dómkvadds matsmanns. Gagnstefndi telur að þjónustan uppfylli allar almennar reglur, staðla og önnur fyrirbætur sem stjórnvöld setji. Því uppfylli þjónusta gagnstefnda öll skilyrði 4. og 5. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000.

Gagnstefndi mótmælir því að verkið sé gallað með vísan til 5. tl. 9. gr. laga nr. 42/2000. Notagildi gagnstefnanda af vinnu gagnstefnda sé það sama og ending sú sama eins og ef framkvæmdar væru þær úrbætur sem matsmaður leggi til. Úrgangur sem myndist í fráveitulögn sé út af því að taka þurfi upp gömlu steinlögnina. Þetta sé kostnaður sem gagnstefnandi hafi ekki viljað leggja út í og komi ágreiningi aðila í þessu máli ekkert við. Þörfin hafi jafnt verið til staðar þá sem nú. Gagnstefnandi geti ekki krafist gagnstefnda um að framkvæmdar séu úrbætur sem hann hafi ekki viljað að væru gerðar þegar umþrætt verk var unnið.

Þá kveðst gagnstefndi ítreka mótmæli við því að vinnubrögð gagnstefnda uppfylli ekki skilyrði 6. tl. 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Gagnstefnandi hafi notið allra þeirra hagsbóta sem hann hafi fyrirhugað af verki gagnstefnda. Gagnstefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni. Gagnstefndi hafi ekki sýnt af sér sök og hafi framkvæmt verkið af fagmennsku og áreiðanleika. Sé öllum kröfum gagnstefnanda hafnað.

Kveðst gagnstefndi byggja á ofangreindum reikningi sem og á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um ábyrgð manna á skuldbindingum sínum. Jafnframt er vísað til laga um þjónustukaup nr. 42/2000.

Krafa um málskostnað er studd við 129. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða

Aðalsök

Í aðalsök krefur stefnandi stefnda um greiðslu á kr. 1.091.567 ásamt dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómkröfum, allt að frádreginni innborgun 12. október 2015 kr. 150.000 sem dragast skuli frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi.

Kveður stefnandi þetta vera skuld vegna ógreidds reiknings fyrir vinnu við pípulagnir.

Í upphafi bar stefndi fyrir sig aðildarskort þar sem aldrei hafi verið samningssamband milli hans og stefnanda, en þar sem stefndi hefur með framangreindri bókun fallið frá þeirri málsástæðu verður ekki frekar fjallað um

hana.

Eins og að framan greinir ber stefndi fyrir sig að verkið hafi verið gallað og frágangur þess ófullnægjandi. Kveður stefndi að verkið uppfylli ekki kröfur 4. gr. og 5. gr. laga nr. 42/2000, auk annarra röksemda sem að framan greinir.

Um verk þetta hefur stefndi aflað matsgerðar dómkvaddis matsmanns, sem stefnandi hefur ekki hnekkjast að mati dómsins, en stefndi féll frá kröfu sinni um að dómkvaddir yrðu yfirmatsmenn til að hnekkja matsgerð hins dómkvadda matsmanns, eins og að framan er nánar lýst. Hinn dómkvaddi matsmaður kom fyrir dóm og staðfesti matsgerð sína.

Er niðurstaða hins dómkvadda matsmanns sú að eðlilegt sé að telja verk þetta tveggja daga vinnu fyrir einn mann, eða 16 klukkustundir, en í reikningi aðalstefnanda er krafist greiðslu fyrir 66 unnar stundir og er sá tímafjöldi allur ósannaður. Almennt tímagjald pípulagningamanna á þessum tíma hafi verið kr. 8.300 ásamt virðisaukaskatti. Er jafnframt niðurstaða matsmanns að efniskostnaður væri kr. 70.000.

Í niðurstöðu hins dómkvadda matsmanns er komist að þeirri niðurstöðu að sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir umrætt verk hafi samkvæmt þessu verið kr. 202.800 með virðisaukaskatti. Auk þess þykir rétt að stefnandi fái greitt fyrir akstur og þann tíma sem í hann hefur farið og er þá miðað við þrjár ferðir frá Reykjavík til Selfoss og til baka. Var ekki tekið tillit til þessa í matsgerð. Er miðað við almennt akstursgjald kr. 110 pr. kílómetra, alls 360 kílómetra, eða 39.600 kr. Þá þykir rétt að stefnandi fái greiddar 4 og hálf klukkustund vegna akstursins fram og aftur, alls kr. 37.350. Alls eru þetta kr. 279.750, sem aðalstefnda ber að greiða aðalstefnanda. Fyrir liggur að aðalstefndi greiddi inn á verkið kr. 150.000 þann 26. september 2015 og skal sú fjárhæð dragast frá miðað við stöðu á innborgunardeggi.

Gagnsök

Í gagnsök krefur gagnstefnandi gagnstefndu um greiðslu á kr. 1.569.764 in solidum ásamt dráttarvöxtum eins og nánar greinir í dómkröfum.

Í gagnsök byggir gagnstefnandi á því að verk gagnstefndu hafi verið gallað og ekki staðist kröfur laga nr. 42/2000 um selda þjónustu. Þá hafi verk gagnstefndu valdið sér tjóni og krefst hann bóta vegna þess og vegna fyrirsjáanlegs kostnaðar við úrbætur á verkinu.

Um þetta hefur gagnstefnandi aflað framangreindrar matsgerðar svo sem áður greinir. Er einkum fjallað um þessi atriði í þeim hluta matsgerðar sem lýtur að matsspurningum nr. 4 og 5. Kemur fram í matsgerðinni að við skoðun hafi verið staðreynt að ýmsu hafi verið áfátt við verkið þar sem ekki séu uppfylltar lágmarkskröfur sem gerðar séu til slíkra verka, ásamt því að hluti lagnaefnisins sé

gallaður. Gagnstefndu hafa ekki hrakið téðar niðurstöður hins dómkvadda matsmanns með yfirmatsgerð, en að mati dómsins hefur matsgerðin ekki heldur verið hrakin á annan hátt eða sýnt fram á að niðurstöður hennar séu rangar um þessi atriði. Verður því byggt á niðurstöðum matsgerðarinnar um þetta og fallist á það með gagnstefnanda að verkið hafi ekki verið unnið skv. þeim kröfum sem áskilið er í 4. og 5. gr. laga nr. 42/2000 og sé það jafnframt gallað í skilningi 9. gr. laganna. Þá verður jafnframt fallist á það með gagnstefnanda að hann eigi rétt til skaðabóta úr hendi gagnstefndu skv. 15. gr. laga nr. 42/2000.

Gagnstefnandi hefur gert grein fyrir því tjóni sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna þessa og er fjallað um tjón hans og umfang þess í matsgerð hins dómkvadda matsmanns, sem eins og áður segir, hefur ekki verið hrakin með yfirmatsgerð eða á annan hátt, þó að því frátöldu að ekki verður talið sannað að um það hafi verið samið í upphafi að gagnstefndi skyldi taka að sér að vinna við endurlögn á eldri steinlögn. Verður því, með því fráviki sem leiðir af endurlagningu hinnar eldri steinlagnar, matsgerðin lögð til grundvallar um umfang tjóns gagnstefnanda. Sá matsliður sem snýr að endurlagningu hinnar eldri steinlagnar er í matsgerð virtur að fjárhæð kr. 232.800 og verður hann dreginn frá dómkröfum í gagnsök. Ber því gagnstefndu að greiða gagnstefnanda í gagnsök kr. 1.336.964 in solidum, en fyrir liggur að gagnstefndi Daníel er skráður 90% hluthafi í aðalstefnanda Geri allt slf. skv. framlögðum gögnum frá Creditinfo og skv. útprentun fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra er hann skráður stjórnarmaður, eigandi, framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins. Byggir ábyrgð hans á 2. mgr. 160. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og hefur ekki verið mótmælt fyrr en við aðalmeðferð en þau mótmæli eru of seint fram komin, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991, auk þess að vera haldlaus.

Greiðslur skulu bera vexti og dráttarvexti eins og nánar greinir í dómsorði.

Málkostnaður verður ákveðinn í einu lagi í aðalsök og gagnsök, þannig að alls greiði aðalstefnandi Geri allt slf. aðalstefnda Theodóri Francis Birgissyni málskostnað kr. 2.879.469, þar af kr. 2.000.000 in solidum með gagnstefnda Daníel Sigurðssyni.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan, ásamt meðdómsmönnum Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra og Gísla H. Gunnlaugssyni pípulagningameistara og byggingarstjóra.

DÓMSORD:

Í aðalsök skal aðalstefndi, Theodór Francis Birgisson, greiða aðalstefnanda, Geri allt slf., kr. 279.750, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 12. október 2015 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun

dags. 26. september 2015 kr. 150.000, sem dragast skal frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi.

Í gagnsök skulu gagnstefndu, Daníel Sigurðsson og Geri Allt slf., greiða in solidum til gagnstefnanda, Theodórs Francis Birgissonar, kr. 1.336.964, með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 13. mars 2017 til greiðsludags.

Aðalstefnandi og gagnstefndi Geri allt slf. greiði aðalstefnda og gagnstefnanda, Theodóri Francis Birgissyni, málskostnað kr. 2.879.469, þar af kr. 2.000.000 in solidum með gagnstefnda Daníel Sigurðssyni.

Sigurður G. Gíslason

Hjörtur O. Aðalsteinsson

Gísli H. Gunnlaugsson